

Fundur fræðslunefndar 10.mars 2025 kl 17 í Ráðhúsi Snæfellsbæjar

Mættir: Orri, Dagbjört og Sigrún Erla. Sigrún ritar.

Kl 17:00 Mæta Hilmar og Kristín f.h. Grunnskóla Snæfellsbæjar.

- Skóladagatal 2025-2026 lagt fram til samþykktar. Skólaárið að mestu eins og hefur verið. Fræðslunefnd samþykkir dagatal.
- Málstefna GSNB kynnt.
- Önnur mál:
 - o Hilmar upplýsir að hann hefur sagt upp störfum sem skólastjóri. Staðan hans verður auglýst núna í mars.
 - o Farið verður í lagfæringu á þaki á Lúsudeild í sumar. Hilmar þakkar fyrir það.
 - o Til stendur að setja upp tvo körfuboltavelli, einn á skólalóðina í Ólafsvík og einn á Hellissandi. Hilmar hrósar og þakkar fyrir það.
 - o Hilmar kemur með tillögu um að í framtíðinni verði gert viðhalds- og framkvæmdaráætlun til 3-5 ára til að tryggja iðnaðarmenn í verkin.

Kl 17:20: Hilmar og Kristín fara af fundi og f.h. Leikskóla Snæfellsbæjar koma Hermína, Linda og Þórey.

- Skóladagatal 2025-2026 lagt fram til samþykktar. Eins og síðustu ár hafa skólastjórnendur lagt áherslu á að hafa starfsdaga/haust-og vetrarfrí á sama tíma. Skóladagatal samþykkt af fræðslunefnd.
- Viðbótarbygging á Krílakoti er nánast tilbúin. Elsta deildin mun færast þangað og í kjölfarið verða gerðar breytingar innanhúss.
- Hermína segir frá því að í ár verði mögulega breytingar á vorhátíð og útskrift leikskólans.
- 18.mars n.k. er starfsdagur en þann dag eru starfsmenn leikskólanna að fara í heimsókn í leikskóla í Borgarnesi og 2 leikskóla á Akranesi.
- Hermína ræddi um stöðu Fáliðunarstefnuna eftir að bæjarstjórn tók það fyrir. Hermína er að vinna í breytingum á henni, m.a. að bæta við barngildi. Hún mun senda hana aftur út fyrir bæjarstjórnarfund í apríl.

Fundi slitið kl 18:08.